

nefndra laga segir, að hafi sá, sem skylt var að gæta þess, að varúð þessi sé viðhöfð, orðið sekur um vanrækslu á að gæta hennar eigi váttrygðri aðeins kröfu á hendur félaginu, þegar og að svo miklu leyti sem telja má sannað, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslu á því, að reglum þessum væri fylgt, að váttryggingaraburðurinn gerðist eða hve viðtækar afleiðingar hans urðu. Stefnandi hefur borið fyrir dóminum, að hann hafi ekkert þekkt aðstæður hjá Þorsteini Sigurgeirssyni til bensíngeymslu og það hafi ekkert verið rætt þeirra í milli. Að öllu þessu athuguðu verður að telja í ljós leitt, að ekki hafi verið gætt grundvallarvarúðarreglu í váttryggingarsamningnum um lofthæfni flugvélarinnar, þegar sett var á hana ósíað bensín, og að umráðamaður flugvélarinnar, Þorsteinn Sigurgeirsson, hafi verið sá, sem skylt var að gæta varúðarinnar, og að 1. mgr. 51. gr. laganna nái því yfir tilvik þetta. Ber því að sýkna hið stefnda félag af öllum kröfum stefnanda.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af kröf-
um stefnanda, Kára Einarsson, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. júní 1980.

Nr. 206/1979. Akæruvaldið

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

Jóhanni Bjarnasyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Íkveikja. Almannahætta. Bifreiðar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason
og Sigurgeir Jónsson.

Dómarar fóru á vettvang ásamt saksóknara og skipuðum verjanda ákærða. Skoðuðu þeir aðstæður og ummerki á húsinu nr. 16 við Njálsgötu eftir því sem föng voru á að svo löngum tíma liðnum frá atburði þeim, sem mál þetta er af risið.

Málsatvikum eru gerð skil í héraðsdómi. Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum máls er sannað, að hann hellti bensíni úr brúsa undir timburtröppum hússins að næturlagi og lagði þar eld í, svo sem í héraðsdómi er lýst. Gat ákærða ekki dulist, að með verknaði þessum voru íbúar hússins í bersýnilegum lífsháska og slíkt atferli gæti haft í för með sér yfirgripsmikla eyðingu á eignum annarra manna.

Varðar þetta brot ákærða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ölvunarakstur ákærða og sannaður, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Er það brot hans réttilega heimfært til lagaákvæða í ákæru, sbr. og 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákvarða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún eftir atvikum hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 2 ár. Henni til frádráttar skal samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga koma 4 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfisviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til.

Ákærði, Jóhann Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 16. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 194/1979: Ákærvaldið gegn Jóhanni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. janúar sl., á hendur ákærða, „Jóhanni Bjarnasyni, verkfræðingi, Leifsgötu 7, Reykjavík, fæddum 9. maí 1949 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardagsnóttina 18. nóvember 1978, um kl. 04.40, lagt eld í húsið nr. 16 við Njálsgötu í Reykjavík, sem er járnvarið timburhús, ein hæð og ris á steypum kjallara, með því að hella bensíni yfir hjólbarða og aðra muni í geymslu undir tröppum að inngangi til hæðarinnar, þar sem hann kveikti síðan í, og hraðaði sér á brott, eftir að eldur varð laus þar. Ákærði þykir með framangreindum hætti hafa stofnað íbúum hússins, sem voru sjö að tölu, þá heima og flestir sofandi, í bersýnilegan lífsháskaga og auk þess valdið hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, ef eldurinn hefði náð að breiðast út, en hann tókst að slökkva fljótlega, einkum fyrir tilstilli íbúa í næsta nágrenni, sem af tilviljun sáu til ákærða við verknaðinn.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ákærða ennfremur gefið að sök að hafa umrædda nótt ekið bifreiðinni R 57267 undir áhrifum áfengis frá heimili sínu í Reykjavík að fyrrgreindu húsi við Njálsgötu og síðan að heimili sínu að nýju að afloknum framanlýstum verknaði.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 18. nóvember sl., klukkan 4.26, var

óskað lögregluaðstoðar að Njálsgötu 16 í Reykjavík vegna elds, sem þar væri laus vegna íkveikju. Þrír lögreglumenn fóru að sinna þessu, og samkvæmt skýrslu eins þeirra gaf sig fram við þá á staðnum Sigrún Gunnarsdóttir, Njálsgötu 16, og skýrði frá því, að hún hefði skömmu áður orðið vör við, að maður hefði barið harkalega á dyr íbúðar sinnar, og er hún hefði farið til dyra, hefði hún tekið eftir, að eldur var laus í stiga, sem er inngangur í húsið.

Maður sá, er Sigrún nefndi, gaf sig fram og kvaðst heita Árne Páll Jóhannsson, Njálsgötu 13 A. Hann kvaðst hafa tekið eftir manni, sem hefði verið á ferð fyrir utan Njálsgötu 16, og lýsti honum sem ungum manni í grænni úlpu, ljósskolhærðum með skegg og hefði maður þessi verið í rauðri Ford Bronco jeppabifreið, R 57267. Skömmu síðar hafði Árne tekið eftir því, að eldur var laus í stiganum.

Auk Árna gaf sig fram á staðnum Gerður Pálmadóttir, Dunhaga 15, og var framburður hennar á sama veg og framburður Árna Páls.

Lýst var eftir áðurgreindri bifreið, og fannst hún skömmu síðar á horni Leifsgötu og Barónsstígs, og var vél hennar heit viðkomu. Jafnframt var upplýst, að eigandi bifreiðarinnar væri ákærði Jóhann Bjarnason. Tveir lögreglumenn fóru heim til hans og höfðu tal af honum. Þar sem lýsing Árna Páls og Gerðar átti við hann, var hann handtekinn og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Ákærði var að mati lögreglunnar áberandi ölvaður, og viðurkenndi hann áfengisneyslu, en harðneitaði að hafa ekið bifreið sinni og að hafa átt sök á fyrrgreindri íkveikju.

Við Njálsgötu 16 fannst plastbrúsi undan bensíni, og samkvæmt framburði Árna Páls og Gerðar hafði ökumaður bifreiðarinnar R 57267 haft hann undir höndum.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var fyrrgreindur stigi, sem var úr timbri, sviðinn. Einnig var hurð í kjallara sviðin og brunnin.

Ákærði var færður í fangageymslu lögreglunnar, og hóf rannsóknarlögregla ríkisins síðan rannsókn málsins.

Guðmundur H. Jónsson rannsóknarlögreglumaður hafði með höndum frekari rannsókn málsins. Gerði hann skýrslu um afskipti sín af málinu um nóttina, en samkvæmt henni barst tilkynning um málið til rannsóknarlögreglunnar klukkan 4.45 um nóttina. Jafnframt var þess getið, að líkur væru á því, að um íkveikju af

mannavöldum væri að ræða, og hefði maður verið handtekinn, sem grunur félli á.

Guðmundur kom á staðinn um klukkan 5.15, og segir í skýrslu hans, að þá hafi verið búið að ráða niðurlögum eldsins, en lög-regla og slökkvilið var á staðnum. Að sögn lögreglumanna hafði eldurinn að mestu verið slökktur, er slökkviliðið kom á vettvang, en þó hefði það þurft að hafa aðgerðir í frammi á staðnum, er það kom.

Guðmundur gerir síðan í skýrslu sinni grein fyrir aðstæðum á vettvangi og segir svo um þær:

„Húsið Njálsgata 16, Rvík., er kjallari, hæð og ris, og eru íbúðir á öllum hæðum. Kjallarinn er steypdur, en hæðin og risið er byggt úr timbri. Að utan er hæðin og risið klætt með báru-járnsplötum. Út úr húsinu til vesturs eru tröppur að inngangi á 1. hæð. Tröppur þessar eru úr timbri, og við enda þeirra er pallur einnig úr timbri. Tröppurnar og pallurinn eru áföst húsinu. Undir tröppunum er geymsla og hurð yfir henni. Húsið er ekki áfast næstu húsum. Inngangur í kjallarann er undir pallinum beint fyrir neðan innganginn á 1. hæðina. Tveir inngangar eru á 1. hæðina, annar um áðurnefndar tröppur á vesturhlið, en hinn um suðurhlið frá bakgarði. Einn inngangur er í risibúðina, og er hann á suðurhlið hússins.

Eldurinn hafði verið undir tröppunum og pallinum á vesturhlið hússins og í hurð og umbúnaði að kjallaraíbúðinni. Eldtungur hafa komið undan pallinum og upp húshliðina, en það mátti sjá á sviðinni og upphleyptri málningu á húshliðinni í um 50 cm fjarlægð frá inngangi á 1. hæðina.

Skemmdir voru aðallega þær, að hurð og umbúnaður hennar að kjallara var sviðin og koluð, geymslan og hurðin fyrir henni undir stiganum sviðin. Í geymslunni voru tveir hjólbarðar, og komst eldur í þá. Nokkurt sót kom upp um samskeytin á tröppunum og húsinu.

Í sundinu á milli húsa nr. 14 og 16 við Njálsgötu var plast-brúsi. Við athugun á brúsa þessu, sem er grár að lit, og á botni hans stendur 20L, kom í ljós, að hann er allur nokkuð brunninn og bráðnaður. Á báðum hliðum brúsans er inngreyptur þríhyrningur, en á annarri hliðinni er þessi þríhyrningur málaður gulur. Ekki er ljóst, hvað verið hefur í brúsa þessum, en af honum mátti finna bensínlykt. Talið er, að brúsi þessi hafi ekki verið á staðnum fyrir eldsupptök.“

Samkvæmt skýrslu slökkviliðsins barst tilkynning um eldinn

kl. 4.22, og fóru þá þegar fjórar slökkvibifreiðar á staðinn, og voru þær samkvæmt skýrslunni komnar þangað kl. 4.26.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhól-rannsóknar á slyshadeild Borgarspítalans klukkan 6 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.83%.

Ákærði var yfirheyrður síðdegis um daginn af rannsóknarlög-reglu ríkisins og kannaðist þá ekki við sakargiftirnar. Var hann eftir það færður fyrir dóm og þar gerð krafa um, að hann sætti gæsluvarðhaldi.

Í dómsyfirheyrslunni sagði ákærði, að hann rámaði í, að hann hefði notað bensín til að kynda bál í einhverju sundi eða garði við Njálsgötu nóttina áður, en það hefði ekki verið ætlun sín að kveikja í húsinu.

Að yfirheyrslunni lokinni var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt fram til 22. nóvember, og sat hann þann tíma í gæsluvarðhaldi.

Verður nú gerð grein fyrir framburðum vitna, sem borið hafa í málinu, og endanlegum framburði ákærða:

Vitnið Gerður Pálmadóttir húsmóðir, Dunhaga 16 í Reykjavík, kveðst hafa verið statt í íbúð á 2. hæð að Njálsgötu 13 A í Reykjavík aðfaranótt 18. nóvember sl.

Á milli kl. 4.15 og 4.30 um nóttina var vitnið í vestari glugganum á suðurhlíð hússins. Heyrði það þá í og sá rauða og hvíta Ford Bronco jeppabifreið stansa upp á gangstéttinni að hálfu fyrir framan húsið, og sneri hún rétt miðað við akstursstefnu. Síðan kom maður út úr bifreiðinni og gekk að húsinu nr. 16 handan við götuna með litla rauða fötu í hendi með hvítu loki. Var maður þessi um 30 ára að aldri, ljósskolhærður, hár frekar úfið, var 170 cm á hæð og samsvaraði maðurinn sér vel, að vitninu fannst. Eftir að hann hafði verið eitthvað að ganga í kringum húsið og m. a. inn í skot undir tröppur á vesturhlíð hússins, gekk hann aftur að bifreiðinni með rauðu fötuna, sem vitnið sá ekki, hvað varð um.

Vitnið sá manninn teygja sig inn í bifreiðina hægra megin og koma út úr henni með meðalstóran kút í hendi, og var handfang ofan á honum.

Maðurinn gekk nú aftur yfir að húsinu handan götunnar, og sá vitnið hann standa hálfan inn undir tröppunum á vesturhlíð hússins. Maðurinn var varla stansaður þarna, þegar vitnið sá glampa undan tröppunum í andlitshæð mannsins. Glampinn slokknaði, og síðan sá vitnið annan glampa neðar, og í framhaldi af honum gaus

upp eldur, eins og sprenging hefði orðið. Sá vitnið eldinn teygja sig upp með húshliðinni undan tröppunum og út úr gati, sem er inn undir tröppunum að vestanverðu.

Vitnið kveðst hafa sagt húsráðanda frá því, sem var að gerast, og hraðaði hann sér út. Vitnið fylgdist áfram með mannum og sá hann fara inn í bifreiðina og aka strax á brott. Þá kveðst vitnið hafa tekið niður númer bifreiðarinnar, og eftir það hringdi það í slökkvilið og lögreglu, en henni gaf vitnið upp númer bifreiðarinnar.

Vitnið sá enga vegfarendur í nánd, á meðan maðurinn var þarna. Vitnið kveðst ekki hafa séð ölvunarástand á mannum.

Vitnið kveðst hafa verið allgáð, þegar það horfði á framangreindan atburð. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Árni Páll Jóhannsson kennari, Þinghóltsstræti 3 B í Reykjavík, kveðst hafa búið að Njálsgötu 13 A í nóvember sl.

Aðfaranótt 18. nóvember á milli kl. 4.15 og 4.30 vakti Gerður Pálmadóttir, sem var gestkomandi hjá vitninu, athygli þess á því, að Bronco jeppabifreið væri að stansa fyrir utan. Vitnið leit út um vestari gluggann á suðurhlið íbúðarinnar og sá mann ganga frá bifreiðinni að húsinu nr. 16 við götuna með rauða fötu í hendi. Maðurinn var klæddur í nylonúlpu, græna að lit, ljósskolhærður með alskegg, rúmlega meðalmaður á hæð og samsvaraði sér eðlilega.

Vitnið sá manninn vappa í kringum húsið og koma síðan aftur að bifreiðinni. Ekki man vitnið, hvað varð um rauðu fötuna.

Vitnið segir, að maðurinn hafi farið upp tröppurnar á vesturhlið hússins og lagt þar við hlustirnar, að vitninu virtist.

Vitnið sá manninn teygja sig aftur í bifreiðina hægra megin, eftir að hann var búinn að fara að húsinu, og kom hann með gráan brúsa úr bifreiðinni og hélt aftur að húsinu.

Vitnið gekk nú frá glugganum, en kom aftur að öðrum glugga eftir örstutta stund, en þá hafði Gerður kallað til þess og sagt, að maðurinn væri að kveikja í. Vitnið sá loga undir tröppunum og upp eftir húshliðinni.

Vitnið horfði ekki frekar á þetta, en hraðaði sér út og að húsinu. Logaði þá eldur undir tröppunum og teygði sig upp með veggnum við endann á þeim.

Vitnið hraðaði sér þegar upp tröppurnar til þess að aðvara íbúana og sparkaði gat á hurðina. Fann vitnið, að hár þess sviðnaði aðeins, á meðan það var á tröppunum. Vitnið fór ekki niður tröpp-

urnar aftur, fyrr en íbúar úr húsinu komu aftan að því, en þeir höfðu farið út um bakdyr.

Vitnið fór síðan að athuga frekar með eldinn, og voru logarnir þá minni, en útihurð undir tröppunum var farin að sviðna. Þá logaði eldur í dekkjum og drasli, sem var undir tröppunum. Þarna sá vitnið líka brúsa þann, sem maðurinn hafði verið með, en hann var mikið brenndur. Vitnið kveðst hafa dregið draslið og dekkinn undan tröppunum með spýtnabraki, sem það fann við tröppurnar. Vitnið segir, að logað hafi í útihurðinni og undirstöðunum undir tröppunum, þó að draslið og dekkinn hefðu verið fjarlægð.

Vitnið aðstoðaði íbúa hússins við að reyna að slökkva eldinn í hurðinni og tröppunum, og var ausið snjó á eldinn. Þegar lögregla og slökkvilið birtist, var að mestu búið að kæfa eldinn.

Vitnið segir, að bifreiðin hafi verið horfin, þegar það kom út. Þá segir vitnið, að því hafi fundist maðurinn undir áhrifum áfengis, en vill þó ekki fullyrða, að svo hafi verið.

Vitnið kveðst hafa verið allsgáð þessa nótt. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir fulltrúi, Njálsgötu 16 í Reykjavík, kveðst búa eitt í kjallaranum að Njálsgötu 16.

Aðfaranótt 18. nóvember var engin í kjallaranum, en vitnið var þá á 1. hæð hússins ásamt hálf systur sinni, Maríu Möndu, og vinkonu sinni, Maríu Guðnadóttur. Aðrir höfðu ekki búsetu þar þessa nótt, en á rishæð hússins voru eigandi rishæðarinnar, Ásgeir Flórentzson, kona hans og bróðir hennar.

Vitnið telur, að klukkan hafi verið milli 3 og 3.30 um nóttina, þegar starfsfélagi þess, Sigurbjört, kom í heimsókn drukkinn, og nokkru á eftir henni kvaddi drukkinn maður dyra og vildi fá inn-göngu og viðtal við Sigurbjörtu, en áður hafði vitnið farið út í bifreið, sem maðurinn var í, og sagt honum, að Sigurbjört vildi ekki fara lengra. Sigurbjört vildi ekki tala við manninn, og vitnið sagði honum, að gestir þess væru á förum. Þá segist vitnið ekki hafa þekkt manninn neitt og vildi ekki hleypa honum inn. Fór vitnið síðan inn og sá hvorki né heyrði í manninum eftir þetta.

Vitnið segir, að maðurinn hafi ekki verið með ókurteisi, en greinilegt var, að hann vildi komast inn. Hann sagð vitninu, að hann ynni hjá Rarik eins og það, en vitnið man ekki eftir að hafa séð hann áður, þó að það kunni að vera.

Nokkrir gestir voru hjá vitninu, þegar Sigurbjört kom, og fór hún í burtu um svipað leyti og þeir.

Nokkru eftir að gestirnir voru farnir, og þegar vitnið og María voru að búa sig undir að háttu og María Manda háttuð fyrir stuttu, en ekki sofnuð, var barið á útidyrnar og hún brotin. Þá heyrði vitnið einhver köll, en ekki man vitnið glöggt, hvað sagt var. Við köllin greip hræðsla um sig á meðal þeirra þriggja, og stukku þær allar út bakdyramegin, María Manda á náttkjólnum.

Þegar vitnið kom að tröppunum á vesturhlið hússins, sá það mann standa á tröppunum við dyrnar og sá eld leika í kringum hann upp eftir húshliðinni.

Vtinið sá engan eld í portinu við hliðina á tröppunum, þegar það kom að þeim.

Þegar vitnið hafði séð, hvað var um að vera, hraðaði það sér inn til að hringja á lögreglu og biðja um aðstoð, en því fannst í fyrstu eins og að eldur væri laus inni í húsinu. Um svipað leyti hringdi vitnið dyrabjöllunni við bakdyr, sem liggja upp á rishæð hússins, til að vekja íbúana þar. Vitninu fannst löng stund, þar til svarað var, og komu íbúarnir út fáklæddir um svipað leyti og slökkviliðið kom.

Vitnið segir, að eldurinn hafi verið að mestu leyti slokknður, þegar slökkviliðið kom, en þó man vitnið, að slökkviliðið slökkti eld í þröskuldi við kjallaradyr.

Vitnið segir, að spilaðar hafi verið hljómplötur, á meðan gestirnir dvöldu hjá vitninu, en ekki eftir að þeir fóru. Vitnið segir, að ekki hafi verið mikill hávaði, á meðan gestirnir dvöldu hjá því. Einhverjir gestanna voru með áfengi, en engin drykkjulæti voru.

Eftir að gestirnir voru farnir, voru þær þrjár, sem eftir voru, að tala saman, á meðan þær löguðu til í íbúðinni.

Vitnið kveðst álíta, að eldurinn hafi verið það magnaður, þegar það sá hann fyrst, að hann hefði ekki slokknad af sjálfu sér, heldur læst sig frekar í húsið og það brunnið.

Vitnið segir, að með aðstoð vitnisins Árna Páls hafi þeim systrum og Maríu tekist að kæfa eldinn að mestu með snjóaustri, áður en slökkviliðið kom.

Vitnið segist hafa séð vitnið Árna Pál draga dekk logandi undan tröppunum. Dekkin áttu að vera inni í læstri kompu undir tröppunum. Vitnið veitti því ekki athygli, hvort kompan var læst eða ólæst, þegar það kom að tröppunum.

Vitnið Ásgeir Einar Flórentzson vörubifreiðarstjóri, Njálsgötu 16 í Reykjavík, kveðst eiga rishæð hússins Njálsgötu 16 og búa þar ásamt eiginkonu sinni, Sigurrósu Eðvarðsdóttur, og mági, Jóni Eðvarðssyni.

Vitnið segir, að það, kona þess og mágur hafi öll verið sofandi nóttina, sem eldurinn kviknaði við húsið.

Vitnið segir þau hafa vaknað við það, að dyrabjallan hringdi og barið var á dyrnar. Var þar á ferð stúlka, sem býr niðri í húsinu, og sagði, að kveikt hefði verið í húsinu. Vitnið segir, að þau hafi gefið sér tíma til að klæða sig, og þegar þau komu niður, voru slökkviliðið og lögregla komin.

Vitnið Sigurbjört Júlíana Gunnarsdóttir skrifstofumaður, Unufelli 29 í Reykjavík, kveðst hafa hitt ákærða, þegar skemmtun Rarik í Lindarbæ var að ljúka aðfaranótt 18. nóvember sl. Hitti vitnið hann í anddyri hússins. Vitnið var drukkið og gerir sér ekki grein fyrir ástandi ákærða. Vitnið hafði ekki haft tal af ákærða á skemmtuninni, en þarna í anddyrinu bauð hann vitninu að aka því heim.

Fyrir utan Lindarbæ fengu þau leigubifreið, og ók ákærði vitninu að Njálsgötu 16. Auk bifreiðarstjórans voru engir aðrir í bifreiðinni en þau tvö.

Vitnið kveðst ekki muna greinilega, hvort ákærði leitaði eftir því að fá að koma inn að Njálsgötu 16, en vitnið fór þangað eitt inn.

Þegar vitnið hafði verið stutta stund inni, gerði ákærði vart við sig og vildi komast inn. Ekki talaði vitnið sjálft við ákærða og sá hann meira þessa nótt, en vitnið var farið heim til sín, þegar eldur varð laus við húsið.

Vitnið segir, að engir af skemmtun Rarik hafi verið þarna í húsinu, en hins vegar höfðu tvær systur, sem vinna hjá Rarik og búa í húsinu, komið við á skemmtuninni, fljótlega eftir að hún byrjaði. Þá var gestkomandi að Njálsgötu 16 stúlka að nafni María Guðnadóttir, sem vinnur hjá Rarik, en hún hafði verið í fylgd þeirra systra fyrr um kvöldið, þegar þær komu á skemmtunina hjá Rarik. Loks voru þarna tveir menn og ein kona gestkomandi, sem vitnið ekki þekkti. Þetta fólk ók vitninu heim um nóttina.

Allt framangreint fólk var á 1. hæð hússins að Njálsgötu 16.

Vitnið man ekki eftir, að hljómlist væri leikin í húsinu, á meðan það dvaldi þar.

Vitnið Erla Dagmar Ólafsdóttir húsmóðir, Njálsgötu 16 í Reykjavík, kveðst búa á 1. hæð að Njálsgötu 16 ásamt móður sinni Björgu Helgadóttur og þremur dætrum, Elínu, Díönu og Maríu Möndu.

Vitnið var erlendis, þegar atburðurinn átti sér stað, og móðir

þess á sjúkrahúsi, en þær eiga saman íbúðina á 1. hæð. Þá voru Elín og Dána fjarverandi.

Vitnið Ólafur Reimar Gunnarsson, stud. oecón., Urðarstíg 13 í Reykjavík, kveðst eiga kjallaraíbúðina að Njálsgötu 16, en þjó þar ekki.

Vitnið átti geymda þrjá hjólbarða í geymslu undir tröppum á vesturhlið hússins, og var hún læst með hengilás.

Vitnið kom að Njálsgötu 16 umrædda nótt, á meðan slökkviliðið var þar enn. Ekki tók vitnið eftir því, hvort geymslan hafði verið sprengd upp, en hjólbarðarnir voru við tröppurnar og ónýtir vegna brunaskemmda.

Vitnið Jón Björnsson lögreglumaður, Löngubrekku 16 í Kópavogi, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið kveðst telja, að eldurinn hafi byrjað undir tröppunum, en getur ekki staðsett það frekar.

Vitnið Guðmundur Halldór Jónsson rannsóknarlögreglumaður, Fífuseli 36 í Reykjavík, hefur staðfest áðurgreinda skýrslu um rannsóknina og aðstæður á vettvangi.

Vitnið telur, að skemmdirnar hafi verið mestar á hurðinni inn í kjallaraíbúðina, og ályktar af því, að þar hafi eldurinn verið mestur.

Vitnið segir, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður, þegar það sá hann um nóttina, en rólegur.

Ákærði kveðst hafa farið á skemmtun hjá Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) í Lindarbæ að kvöldi föstudagsins 17. nóvember sl. og var þar fram á nóttina. Hann neytti mjög mikils áfengis á skemmtuninni og var mjög ölvaður, þegar hann fór þaðan um nóttina.

Um nóttina, þegar ákærði hélt heim, bauð hann ungri stúlku, sem hann hitti fyrir utan Lindarbæ og hann hafði áður talað við á skemmtuninni, með sér í leigubifreið. Ákærði kveðst jafnvel halda, að hann og stúlkan hafi orðið samferða út af skemmtuninni.

Ákærða minnir, að fleira fólk hafi verið með þeim í leigubifreiðinni, en ekki getur hann upplýst, hverjir það voru. Ákærði telur, að þetta fólk hafi farið úr bifreiðinni á leiðinni. Ekki veit hann, hvar fólkíð fór úr bifreiðinni, en hún var látin aka að Njálsgötu 16. Ekki man ákærði, hvort fleiri voru í bifreiðinni, þegar hún kom að Njálsgötu 16, en hann telur, að svo kunnir að hafa verið.

Stúlkan fór inn í húsið að Njálsgötu 16, og ákærði man, að

hann átti einhver orðaskipti við einhvern í húsinu. Ákærði kveðst hafa vitað, að í húsinu var eitthvað af gestum af skemmtuninni, og hafði ákærði hug á því að komast í félagsskap þess. Það gekk þó ekki, en minni ákærða er lélegt um það, sem gerðist í þetta skipti að Njálsgötu 16.

Ákærði fór nú heim til sín, en ekki man hann, hvort hann fór þangað í leigubifreiðinni eða gangandi.

Eftir nokkra viðdöl heima hjá sér hélt ákærði aftur út og ók nú bifreið sinni frá Leifsgötu 7, enda þótt hann væri undir áhrifum áfengis. Tilgangur ákærða með þessari ferð var sá að komast einhvers staðar í gleðskap.

Ákærði kveðst fyrst hafa ekið niður að Lindarbæ, og man hann eftir sér þar fyrir utan. Síðan ók ákærði upp á Njálsgötu og lagði bifreiðinni að hálfu upp á gangstétt, að hann telur norðan við götuna.

Ákærði kveðst muna óljóst eftir því, sem gerðist við Njálsgötu 16 í þetta skipti, en telur, að hann hafi fyrst gengið að húsinu Njálsgötu 16 og kannað, hvort þar væri enn gleðskapur. Ákærði kveðst ekki muna eftir því, að hann hafi verið með fötu í höndunum í þetta skipti.

Ákærði kveðst muna eftir því, að hann sá ljós í gluggum og heyrði tónlist. Taldi hann því fullvíst, að þarna væri enn gleðskapur. Ákærði man ekki eftir því, hvort hann kvaddi dyra í þetta skipti. Ákærði man mjög óljóst, hvað hann gerði næst, en man, að honum datt í hug að gera þeim, sem voru inni í gleðskapnum, grikk með því að kveikja eld í sundinu við húsið og nota til þess bensín, sem verið hafði í bifreiðinni um sinn. Ákærði segir, að þessi hugmynd hafi myndast hjá honum, þegar hann sá bensínbrúsann í bifreiðinni, en í honum var lögg af bensíni, afgangur, frá því hann þurfti að sækja bensín á bifreið sína, sem hafði orðið bensínlaus.

Ákærði man ekki nákvæmlega, hvenær hugmyndin myndaðist, en telur, að það hafi verið, þegar hann kom að bifreiðinni eftir að hafa gengið að húsinu fyrst.

Ákærði fór síðan með brúsann frá bifreiðinni inn í sund við húsið. Ákærði kveðst ekki geta lýst því nógu vel, sem næst gerðist, en hann hellti niður bensíni einhvers staðar við vesturhlið hússins, en ekki getur hann skýrt nákvæmlega, hvar það var. Hann telur sig þó hafa hellt bensíninu niður utan við tröppurnar á vesturhlið hússins. Ákærði kveðst ekki muna eftir því að hafa farið undir tröppurnar og hellt niður bensíni þar. Ákærði kveikti

síðan á eldspýtu og lét hana falla niður í bensínið, en ekki man hann, hvað hann notaði margar eldspýtur við að kveikja eldinn. Ákærði kveðst muna glögg eftir því, þegar eldurinn kviknaði, og kom honum á óvart, hve hann var mikill. Ákærði man ekki nákvæmlega, hvar eldurinn logaði, en hann tók eftir mannaferðum, eftir að eldurinn kviknaði, og hraðaði hann sér þá í burtu á bifreiðinni án þess að tala við þá, sem þarna voru á ferð.

Ákærði var síðan handtekinn heima hjá sér, en ekki gerir hann sér grein fyrir því, eftir hve langan tíma það var. Var ákærði þá sofaður.

Ákærði heldur, að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að heim kom. Hafi það verið eitthvað, hafi það verið lítið.

Ákærði segir, að hann hafi aldrei orðið var við í fari sínu, að hann ætti til að fara óeðlilega með eld.

Ákærði kveðst eftir á að hyggja enga skýringu geta gefið á tilteki sínu aðra en ölvunarástand sitt og skyndihugmynd sína um að gera grikk, og þá fyrst, þegar hann sá bensínbrúsann.

Ákærði kveðst aldrei hafa átt við nein geðræn vandamál að stríða í lífi sínu.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 22. nóvember sl., voru sunnan 2 vindstig í Reykjavík klukkan 3 um nóttina, og klukkan 6 um morguninn voru sunnan 3 vindstig. Mesta veðurhæð á milli athugana var 3 vindstig. Þá var rigning í Reykjavík á milli klukkan 3 um nóttina og fram til klukkan 6 um morguninn.

Samkvæmt vottorði Húsatrygginga Reykjavíkur, dagsettu 4. desember sl., var húsið nr. 16 við Njálsgötu tryggt fyrir kr. 13.233.00, þegar atburðurinn skeði. Samkvæmt sama vottorði mátu dómkvaddir matsmenn tjónið á kr. 242.000, og greiddi ákærði þá fjárhæð til rannsóknarlögreglu ríkisins 15. janúar sl.

Ákærði var ekki látinn gangast undir geðrannsókn við rannsókn málsins, en þar sem saksóknari og verjandi ákærða hafa ekki óskað eftir slíkri rannsókn og dómari hefur ekki séð neitt það í fari ákærða, sem gefi ástæðu til að efast um sakhæfi hans, þótti ástæðulaust að láta slíka rannsókn fara fram við meðferð málsins mörgum mánuðum eftir atburðinn.

Samkvæmt persónuskýrslu, sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert um hagi ákærða, er hann kvæntur og á eitt barn, 2 ára að aldri. Býr hann með fjölskyldu sinni í eigin íbúð að Leifsgötu 7. Hann er með próf í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands og starfar sem rafmagnsverkfræðingur hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur ekki aflað álitsgerðar sér-

fróðra manna um það, hvort ákærði hafi séð fram á almannahættu og að mönnum mundi vera bersýnilega lífsháski búinn vegna eldsvoðans eða að hann mundi hafa í för með sér yfirgripsmikla eyðingu á eignum annarra manna. Er miður, að slík álitserð liggur ekki fyrir, en eins og mál þetta er vaxið, og þar sem endanlegt mat á þessu er í höndum dómsins, og saksóknari og verjandi eru sammála um það að lokinni vettvangsgöngu, að ekki sé þörf á álitserð sérfræðinga um almannahættu vegna brots ákærða, verður við það látið sitja, enda ekki lagaskylda að láta slíka álitserð liggja fyrir.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við framburði vitnanna Gerðar og Árna Páls og annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hellti niður bensíni og kveikti í því við húsið nr. 16 við Njálsgötu greinda nótt. Þá þykir þrátt fyrir framburð ákærða um það, að hann telji sig hafa hellt bensíninu niður í sund við húsið, með framburði vitnisins Gerðar og því, hvar eldurinn virtist mestur, komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi hellt bensíninu niður undir timburtröppunum á vesturhlíð hússins, enda er ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að eldur hafi logað í sundinu við húsið. Hins vegar verður því ekki slegið föstu, hvort ákærði kveikti fyrst í dekkjunum og öðrum hlutum, sem áttu að vera í geymslunni, eða í hurðum og timburverki undir tröppunum.

Ekki verður fullyrt um það af gögnum málsins, hvenær ásetningur ákærða myndaðist að kveikja framangreindan eld, og þykir verða í því efni að leggja til grundvallar framburð hans sjálfs um það, að hann hafi myndast, þegar hann kom að bifreiðinni eftir fyrri ferð sína að húsinu og sá gráa bensínbrúsann í bifreiðinni.

Ákærði kveikti eld í bensíni undir timburtröppum við timburhús að næturlagi. Eldur þessi kviknaði við húsið fyrir ásetning ákærða, en því hefur verið hafnað, að ákærði hafi kveikt eldinn í sundinu við húsið. Af þeirri ástæðu verður ekki hægt að telja það óhappatilviljun eða gáleysi, að eldurinn læstist í húsið, heldur hafi hér komið til ásetningur ákærða að leggja eld í það. Ekkert verður fullyrt um það, hvað ráðið hafi þessum gerðum ákærða, en nærtækasta skýringin er sú, að þar hafi ráðið óánægja hans með að fá ekki inngöngu í húsið, enda þótt þessu verði ekki slegið föstu. Sú skýring ákærða, að hér hafi hann ætlað að gera íbúum hússins grikk, fær ekki staðist, enda getur engum, sem kveikir eld við framangreindar aðstæður, blandast hugur um, að slíkt sé meira en grikkur, heldur stórháskalegt og hljóti að leiða

til eldsvoða. Telst ákærði hafa fullframið brot sitt, þegar eldurinn var búinn að ná festu í viðum hússins, svo að slökkviaðgerðir þurfti að hafa í frammi, en af lýsingum vitna um umfang eldsins þykir óhugsandi, að hann hefði slokkað af sjálfum sér.

Þegar ákærði kveikti eldinn, voru í húsinu sex aðiljar, en ekki sjö, eins og í ákæru greinir, þar af þrír sofandi, einn háttaður og tveir í þann veginn að ganga til náða. Ákærði sá ljós í gluggum hússins og vissi, að fólk var inni. Hann gat ekkert um það vitað, hvort fólkið væri vakandi eða sofandi, né heldur hversu skjótt fólk yrði eldsins vart, enda veitir ljós í gluggum enga vissu fyrir því, að fólk sé vakandi.

Sú háttsemi að kveikja eld í bensíni undir timburtröppum við timburhús að næturlagi, þegar búast má við, að fólk sé sofandi, hlýtur ætíð að bjóða upp á almannahættu og vera lífsháskaleg, og slík háttsemi hlýtur einnig að bjóða upp á augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra manna, en auk hússins, sem ákærði kveikti í, eru beggja vegna við það hús úr timbri, þótt nokkurt bil sé á milli þeirra, sérstaklega til austurs. Telur dómariinn þetta einsýnt, þótt ekki sé til að dreifa álitssgerð sérfræðinga.

Þegar ákærði kveikti eldinn, vildi svo heppilega til, eins og þegar er fram komið, að til ákærða sást við verknaðinn. Þetta leiddi aftur til þess, að íbúunum var gert viðvart samstundis og þegar hafist handa um að slökkva eldinn og koma þannig í veg fyrir, að hann breiddist út. Þrátt fyrir það var tjón metið að fjárhæð 242.700 krónur. Þykir af þessu ljóst, að hér hefur tilviljun ein ráðið því, að hvorki varð líftjón né frekara eignatjón, en sannað er, að ákærði fór þegar á brott eftir að hafa kveikt í og gerði engar ráðstafanir til þess að slökkva eldinn. Þrátt fyrir framburð hans er ósannað, að mannaferðir hafi fælt hann á brott. Getur dómurinn ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri, að íkveikja ákærða varði við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 57267 undir áhrifum áfengis, svo sem áður er rakið í ákæru og framburði ákærða. Varðar ölvunarakstursbrot ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1969 22/9 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. og 26. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 10/7 1969.
- 1974 16/5 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 19/2 1974.

Hinn 22. júlí 1977 voru ákærða veitt ökuréttindi á ný.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 1. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykja engin ákvæði 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga eiga við til refsilækkunar. Hins vegar ber til þess að líta, að ákærði hefur aldrei áður orðið sekur um hegningarlagabrot og að tjón af broti hans varð óverulegt miðað við það, hvernig til þess var stofnað, þótt það hafi ekki verið honum að þakka, heldur skjótum viðbrögðum annarra. Þá hefur ákærði greitt skaðabætur.

Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að ákveða ákærða refsingu í því lágmarki, sem boðið er í 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 2 ár, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda vegna þess, hversu brotið er alvarlegt.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 18. nóvember sl., kl. 1730, til 22. nóvember sl., kl. 1335. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að þetta 4 daga gæsluvarðhald ákærða komi refsingu hans til frádráttar.

Þá hefur ákærði með ölvunarakstri sínum unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem refsíðmúrin frá 16. maí 1974 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga ítrekunaráhrif á ölvunarakstursbrot ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ákærði hefur ekki verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Fallið var frá þeirri kröfu í ákæru við flutning málsins, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu skaðabóta, enda hafði hann þegar greitt bætur, eins og áður er fram komið.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000,

og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 120.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Bjarnason, sæti fangelsi 2 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 4 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 120.000.

Miðvikudaginn 18. júní 1980.

Nr. 77/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Hjálmarí Andrésí Jónssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. maí 1980, sem barst réttinum 21. s. m. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Varnaraðili var kvaddur fyrir sakadóm Selfoss hinn 14. þ. m., og var honum þar gert kunnugt um framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á sakavottorði varnaraðilja, dagsettu 7. febrúar 1980, sem lagt var fram í dómi, þegar hin kærða dómssátt var gerð, segir, að varnaraðili hafi ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Hinn 17. maí 1978 gekkst varnaraðili undir dómssátt í